

Fundargerð skólaráðs Akurskóla

Fundur haldinn í Akurskóla 11. mars 2014 frá klukkan 16:00-17:00

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Bryndís Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri, Sigurbjörg Ásdís Snjólfsdóttir fulltrúi kennara, Magnea Ólafsdóttir fulltrúi kennara boðaði forföll. Bjarklind Alda Gísladóttir fulltrúi starfsmanna mætti ásamt Þóru Guðrún Einarsdóttur fulltrúa foreldra. Halldóra Hreinsdóttir fulltrúi foreldra boðaði forföll. Kristján Þórarinn Ingibergsson fulltrúi nemenda boðaði forföll en Gabriela Ósk Vignisdóttir mætti. Guðmunda Lára Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins mætti.

Dagskrá:

- Skemmtilegir viðburðir á liðnum mánuðum
- Ipad innleiðing á unglingastigi
- Skólanámskrá Akurskóla – almennur hluti
- Skóladagatal 2014-2015
- Önnur mál

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Skemmtilegir viðburðir á liðnum mánuðum

Skólastjóri fór yfir skemmtilega viðburði á liðnum mánuðum og nefndi þar m.a. starfakynningu sem haldin var í Íþróttahúsinu við Sunnubraut fyrir unglingastig. Nemendur í 9. og 10. bekk fóru einnig á Íslandsmót iðn- og verkgreina í íþróttahöllinni Kórnum í Kópavogi í mars. Akurskóli hlaut á dögnum alþjóðlega viðurkenningu „Skóla á grænni grein“ fyrir góða frammistöðu í menntun til sjálfbærrar þróunar og fyrir að leggja sitt af mörkum til þess að efla og bæta umhverfismál innan skólans og í nærsamfélaginu. Skólinn fékk af þessu tilefni afhentan Grænfána númer tvö. Starfsfólk Akurskóla fór í ferð norður á Akureyri í nóvember þar sem farið var í skólaheimsóknir og hlustað á fyrirlestra um lestur o.fl. Verkefnið „Skrefi frammar saman“ er verkefni sem Akurskóli er þátttakandi í og felst í samstarfi opinna skóla og skólastjóri sagði að verkefnið væri að nýtast kennurum vel og væru nemendur í 5. bekk t.d. að vinna áhugasviðsverkefni sem vektu mikla

lukku meðal nemenda. Kennarar fengu kynningu á áhugasviðsverkefningu í Norðlingaskóla og nýttu sér það með sínum nemendum. Akurskóli stofnaði nú fyrir skömmu Facebooksíðu með það að markmiði að kynna skólastarfið á nútímalegan hátt.

Ípad innleiðing á unglingsstigi

Skólastjóri sagði frá því að skólinn hefur fengið afhenta Ípada frá Reykjanesbæ sem nemendur í 8. bekk fá til afnota á næstu dögum. Beðið er eftir hulstrum fyrir tækin til að hægt sé að afhenda þau. Foreldrafundur verður haldinn með nemendum þar sem notkun og öryggi verða kynnt og kennarar fara í Heiðarskóla og kynna sér kennsluhætti og notkun tækjanna.

Skólanámskrá Akurskóla – almennur hluti

Skólastjóri afhenti fundarmönnum drög af almennum hluta skólanámskrár sem verið er að vinna skv. nýrri aðalnámskrá grunnskóla. Lára benti á að bæta mætti við í sögu skólans um tilurð þess að Akurskóli var byggður og ætlaði hún að afla sér gagna sem hægt væri að setja inn í skólanámskrána. Bryndís sagði frá því að skólanámskráin væri þrjú rit, almennur hluti, starfsáætlun og bekkjarnámskrár og vinnu væri ekki lokið. Í nýrri aðalnámskrá grunnskóla eiga grunnskólar að setja fram menntagildi og megintilgang lykilhæfni og námsgreina/námssviða sem eftir á að setja í almennan hlutann. Einnig á eftir að fullvinna kafla um yfirfærslu á milli skólastiganna grunnskóli-framhaldsskóli.

Skóladagatal

Skóladagatal næsta skólaárs var kynnt og fundarmenn beðnir um að skrifa undir eyðublað þar sem þeir samþykkja að dagatalið er unnið skv. lögum. Dagatalið hefur verið samþykkt á starfsmannafundi og verður sent fræðsluyfirvöldum.

Önnur mál

- Skólastjórnendur sögðu frá fjölda nýrra nemenda sem hafið hafa skólagöngu í Akurskóla eftir áramót en þeir eru hátt í þrjátíu. Þetta eykur álag á nemendahópa og kennara og krefst mikillar skipulagningar og vinnu til að nýju nemendurnir finni sig velkomna.
- Sigurbjörg sagði frá því að Akurskóli er ört stækkandi skóli og í vor verða útskrifaðir 19 nemendur úr 10. bekk og um 65 nemendur eru skráðir í tilvonandi 1. bekk. Næsta skólaár er síðasta skólaárið sem Akurskóli getur keyrt skólann með núverandi fyrirkomulagi en skólinn er ekki byggður fyrir þann fjölda nemenda sem virðist stefna í að verði í hverfinu næstu árin.
- Aðkoma að skólanum var rædd og lýstu fundarmenn áhyggjum sínum að aðkomu við inngang yngsta stigs en mikið öngþveiti er þegar foreldrar eru að koma með börn sín í upphafi skóladags og þegar skóla lýkur. Lýsingu við skólann er einnig ábótavant.

Fundargerð þessa ritaði

Bryndís Guðmundsdóttir

Aðstoðarskólastjóri Akurskóla